



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY



Ársskýrsla 2014

Efnisyfirlit

Yfirlit yfir starfsemi Háskólans á Bifröst árið 2014	5
Aðalfundur 2013.....	7
Lotukennsla og breyttir kennsluhættir	7
Fulltrúaráð	7
Háskólastjórn.....	8
Stjórn Háskólans á Bifröst.....	9
Háskólaráð.....	9
Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2014 - 2015	9
Fagráð	10
Kennslu- og rannsóknarráð	10
Gæðaráð.....	11
Gæðastefna Háskólans á Bifröst.....	11
Gæðaráð íslenskra háskóla.....	12
Umbótamiðað gæðastarf í Háskólanum á Bifröst	12
Gæði og viðmið	12
Nemendur	13
Heildarfjöldi nemenda 2014, aldur, kyn, fagsvið, búseta.....	13
Kennslusvið.....	18
Félagsvísindasvið	18
Viðskiptasvið.....	19
Lögfræðisvið	20
Háskólagátt.....	20
Símenntun	21
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst	22
Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst.....	22
Rannsóknasetur í menningarfræðum	23
Rannsóknasetur verslunarinnar	23
Rannsóknastofnun atvinnulífsins Bifröst.....	24
Vaxtarklasar í Borgarbyggð.....	24
Alþjóðasvið	24
Náms- og starfsráðgjöf	25
Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafa	25
Námskeið.....	25
Framboð og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf.....	25
Bókasafn	25

Ritakostur og útlán	26
Heimasíða og samfélagsmiðlar.....	26
Skjalakerfið One.....	26
Samstarf og nefndarstörf	27
Markaðs- og kynningarmál.....	27
Tölvuþjónusta.....	28
Prentþjónusta.....	28
Netumhverfi	28
Kennslukerfi.....	29
Nemendafélag Háskólans á Bifröst.....	30
Hollvinasamtök Bifrastar	31
Fjármál og rekstur	32
Starfsfólk.....	32
Ársreikningur 2014	33

Yfirlit yfir starfsemi Háskólans á Bifröst árið 2014

Árið 2014 var ekki síður viðburðaríkt í sögu Háskólans á Bifröst en önnur ár. Nemendum í háskóladeildum og Háskólagátt fjölgaði um 20% og voru á sjöunda hundrað í upphafi skólaársins haustið 2014. Rekstur skólans var erfiður á árinu, einkum vegna mikils niðurskurðar á framlögum ríkisins til skólans vegna fækkunar nemenda á fyrri árum. Launakostnaður skólans hækkaði verulega milli ára af ýmsum ástæðum, m.a. vegna þess að á undanförunum árum hefur safnast upp hækkunarþörf þar sem mjög hefur verið haldið í vö launahækkanir og starfsmannabreytingar hafa einnig leitt til aukins launakostnaðar. Ennfremur var ráðið inn nýtt starfsfólk í því skyni að auka tekjur skólans sem vonast er til að skili árangri á næstu árum. Afkoma skólans á árinu 2014 er líka mun lakari en ella vegna sérstakra afskrifta á útstandandi kröfum en í bókum skólans hafa staðið kröfur sem ekki hafa reynst innheimtanlegar.



Aðgerðir til að fjölga nemendum hafa skilað árangri og Háskólinn á Bifröst hefur verið að eflast þrátt fyrir erfiðan rekstur á árinu 2014. Markmið skólans er að nemendur í háskóladeildum og Háskólagátt verði a.m.k. 700 en með þeim nemendafjölda næst góður stöðugleiki í rekstri hans til lengri tíma. Á árinu 2014 náðust mikilvægir áfangar að þessu markmiði. Nýtt námsframboð í skólanum skilaði góðum árangri til að fjölga nemendum. Sérstaklega var ný lína, meistaranám í forystu og stjórnun, á viðskiptasviði vel heppnuð en 60 nemendur innrituðust í það nám haustið 2014. Ný lína í grunnnámi á viðskiptasviði, matvælaeðlisfræði, skilaði ásættanlegum árangri og sömuleiðis alþjóða stjórnálagfræði sem sett var af stað á félagsvísindasviði.

Gagngerar breytingar voru gerðar á kennsluháttum í skólanum með innleiðingu á lotu- og vendikennslu auk þess að kenna staðnáms- og fjarnámsnámskeið í sama rennsli. Markmiðið með þessum breytingum er að auka gæði kennslunnar og bæta árangur nemenda. Auk þess var ákveðin soun í fyrra kennslufyrirkomulagi sem nú hefur verið upprætt. Með þessum djörfu breytingum á kennsluháttum heldur Háskólinn á Bifröst sér í fremstu röð á sviði kennslu. Innleiðingin hefur gengið vel og tekist hefur að leysa úr þeim vandamáli sem upp hafa komið þannig að nýtt kennslufyrirkomulag gengur nú hnökralaust fyrir sig. Aðstoðarrektor skólans, Anna Elísabet Ólafsdóttir, leiddi þessar breytingar með miklum myndugleik.

Háskólinn á Bifröst lagði á árinu 2014 mikla áherslu á samfélagslegt hlutverk sitt. Skólinn leiddi tilraunaverkefni um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi á grundvelli samnings við menntamálaráðuneytið. Sýning um íslenskt atvinnulíf var sett á fót og hún hefur farið á milli grunn- og framhaldsskóla. Yfir 20 fyrirtæki á Vesturlandi taka þátt í að þróa sérstakt námskeið um gerð rekstraráætlana fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem í framtíðinni styrkir mjög samstarf við atvinnulífið. Sérstakt verkefni um vaxtarklasa í Borgarbyggð var unnið með tilstyrk sveitarstjórnarinnar sem vonast er til auðveldi sköpun nýrra starfa í Borgarfirði.

Mikið starf var í gangi í Háskólanum á Bifröst til undirbúnings sérstakri gæðaúttekt á skólanum á árinu 2015 af Gæðaráði íslenskra háskóla sem skipað er erlendum sérfræðingum. Lögð voru drög að sjálfsmatsskýrslu skólans auk sérskýrslna fyrir þrjú fagsvið skólans. Í þessari vinnu hefur verið farið rækilega yfir gæðamál í skólanum og ferlar og skjöl betrubætt og uppfærð eftir því sem við hefur átt. Skólinn mun njóta þessarar vinnu í aukinni fagmennsku á öllum sviðum og brýnt er að viðhalda og efla gæðin í starfsemi skólans á þeim góða grunni sem lagður hefur verið.

Innra starf Háskólans á Bifröst gekk vel á árinu 2014. Nemendur skólans lögðu mikið af mörkum til skólans eins og jafnan áður. Aðkoma þeirra að stofnunum skólans, háskólaráði, fagráði og gæðaráði er afar mikilvæg og skapar náið samband milli stjórnenda skólans og nemenda sem hefur skilað miklum árangri í að bæta skólastarfið. Háskólinn á Bifröst nýtur ennfremur síns góða starfsfólks sem vinnur störf sín jafnan af miklum áhuga, alúð og samviskusemi. Stjórn skólans og fulltrúaráð störfuðu að mestu með hefðbundnum hætti á árinu 2014 en öflugur stuðningur þessara aðila sem mynda kjarnann í baklandi skólans er honum afar mikilvægur. Formanni stjórnar, Guðsteini Einarssyni, eru færðar sérstakar þakkir fyrir mikilvægt og óeigingjarnt framlag til skólans.

Undir lok ársins 2014 kynnti menntamálaráðherra fyrstu hugmyndir sínar um sameiningu á rekstri Háskólans á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólans á Hólum og áform sín um að setja af stað vinnu í málinu. Hvert svo sem sú vinna kemur til með að leiða hefur starfsfólk Háskólans á Bifröst einsett sér að vinna einbeitt að því verkefni að efla skólann og tryggja sjálfbæra framtíð hans og mikilvægt framlag til íslensks samfélags.

Vilhjálmur Egilsson, rektor

Aðalfundur 2013

Aðalfundur Háskólans á Bifröst vegna ársins 2013 var haldinn 2. maí 2014 í hátíðarsal skólans. Vilhjálmur Egilsson rektor flutti skýrslu stjórnar og rektors um starfsemi skólans árið 2013. Ársreikningur 2013 var lagður fram til kynningar og var hann samþykktur samhljóða. Farið var yfir rekstur dóttur- og hlutdeildarfélaganna Háskólans á Bifröst 2013. Rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir árið 2013 – 2014 var kynnt. Kosning fór fram á löggiltum endurskoðanda auk kjörs í stjórn og fulltrúaráð skólans. Loks var gerð grein fyrir stöðu Hollvínasjóðsins.

Lotukennsla og breyttir kennsluhættir

Haustið 2014 hóf Háskólinn á Bifröst að kenna námskeið í staðnámi með nýju fyrirkomulagi, eða með upptöku vendikennslu og kennslu í 7 vikna lotum. Með nýju fyrirkomulagi eru öll námskeið kennd samhljóða hvort sem er í staðnámi eða fjarnámi. Með þessu móti geta nemendur blandað saman stað- og fjarnámi eða valið að vera alfarið í staðnámi eða fjarnámi. Með nýjum kennsluháttum taka nemendur færri námskeið í senn og geta þannig unnið markvissar og einbeitt sér að flóknum viðfangsefnum. Vendikennslan felur einnig í sér ný tækifæri en með tilkomu hennar eru fyrirlestrar kennara aðgengilegir á rafrænu formi í kennslukerfi skólans og geta nemendur nálgast þá hvenær sem er og þar sem þeir eru staddir hverju sinni að því gefnu að þeir hafi nettengingu. Kennslustundir eru nú nýttar markvissar til að dýpka þekkingu nemenda á námsefninu, til umræðna, rýni- og verkefnavinnu. Með þessum breytingum hefur skilvirkni í kennslu aukist til muna.

Við undirbúning að innleiðingu lotukerfisins voru allrar kennsluskrár í grunnnámi rýndar og námsleiðum stillt upp eftir nýju fyrirkomulagi. Sú vinna var leidd af aðstoðarrektori og kennslustjóra í samstarfi við sviðstjóra hvers sviðs auk þess sem leitað var ráða hjá hópi kennara og nemenda. Breytingarnar voru kynntar og ræddar innan helstu stjórnarsýslueininga skólans, s.s. innan fagráðs, háskólaráðs, fulltrúaráðs og framkvæmdastjórnar. Nýtt fyrirkomulag var jafnframt kynnt öðrum starfsmönnum og kynnt á háskólafundi í febrúar 2014 en þar sitja nemendur, kennarar og annað starfsfólk.

Í mars 2014 var öllum kennurum, bæði fastráðnum og stundakennurum, boðið til undirbúningsvinnu á Bifröst vegna nýs kennslufyrirkomulags. Var þar farið yfir tæknileg og hagnýt atriði tengd vendikennslu og fjallað um vinnubrögð, miðlun kennsluefnis, samskipti nemenda og kennara og fleira. Í byrjun hvernar lotu hafa jafnframt verið haldnir undirbúningsfundir fyrir þá kennara sem eru að hefja kennslu í hinu nýja umhverfi og þar njóta kennarar m.a. stuðnings og leiðbeiningar við gerð rafrænna fyrirlestra. Í nóvember 2014 var gerð rafræn spurningakönnun þar sem könnuð var upplifun kennara og nemenda af nýju kennslufyrirkomulagi. Niðurstöðurnar voru nýttar til að bæta úr annmörkum nýs fyrirkomulags en sambærileg könnun verður framkvæmd með reglubundnum hætti og niðurstöður nýttar til stöðugra endurbóta.

Fulltrúaráð

Fulltrúaráðsfundir hafa æðsta vald í málefnum háskólans er varða rekstur og fjármál. Háskólaráð er æðsta vald í innri málefnum háskólans samkvæmt reglugerð. Fulltrúaráð fundar a.m.k. einu sinni á ári og er sá fundur jafnframt aðalfundur Háskólans á Bifröst. Verkefni fundarins er að greina frá starfsemi háskólans og samþykkja ársreikning hans fyrir undanfarið rekstrarár.

Fulltrúaráð Háskólans á Bifröst er skipað 15 einstaklingum og fimm til vara.

Þeir sem tilnefna í fulltrúaráð Háskólans á Bifröst eru: Borgarbyggð, háskólaráð Háskólans á Bifröst, Hollvinasamtök Bifrastar, Samband íslenskra samvinnufélaga svf. og Samtök atvinnulífsins. Hver þessara aðila tilnefnir þrjá fulltrúa og einn til vara.

Í fulltrúaráði á aðalfundi árið 2014 sátu eftirtaldir fulltrúar:

Frá Borgarbyggð:

Erla Stefánsdóttir
Ragnar Frank Kristjánsson
Jónína Erna Arnardóttir
Varafulltrúi: María Júlía Jónsdóttir

Frá Hollvinasamtökum Bifrastar:

Viðar Þorsteinsson
Sigrún Jóhannesdóttir
Regína Sigurgeirsdóttir
Varafulltrúi: Arndís Þorvaldsdóttir

Frá háskólaráði Háskólans á Bifröst:

Sigrún Lilja Einarsdóttir
Brynjar Þór Þorsteinsson
María Einarsdóttir
Varafulltrúi: Þórir Páll Guðjónsson

Frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga:

Birna Bjarnadóttir
Skúli Skúlason
Ólafur Sigmarsson
Varafulltrúi: Stefán Logi Haraldsson

Frá Samtökum atvinnulífsins:

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Guðrún Eyjólfsdóttir
Kristín Þóra Harðardóttir
Varafulltrúi: Álfheiður Sívertsen

Háskólastjórn

Stjórn Háskólans á Bifröst er skipuð fimm einstaklingum tilnefndum til tveggja ára í senn af eftirtöldum aðilum: Borgarbyggð, háskólaráði Háskólans á Bifröst, Hollvinasamtökum Bifrastar, Sambandi íslenskra samvinnufélaga svf. og Samtökum atvinnulífsins. Þrír aðalmenn í stjórn eru tilnefndir annað hvert ár, en tveir aðalmenn í stjórn hin árin. Varamenn eru tilnefndir með sama hætti. Fulltrúaráð ákveður þóknun stjórnarmanna.

Stjórn skólans mótar stefnu hans og setur honum reglugerð. Stjórn skal halda bókhald og skila ársreikningi á aðalfundi, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda. Stjórnin skal fylgjast með fjárhag Háskólans á Bifröst, einkum með því að tekjur standi undir kostnaði og skuldbindingum.

Stjórn og rektor Háskólans á Bifröst gera fulltrúaráði grein fyrir fjárhag og rekstri skólans á aðalfundi hvers árs.

Stjórn Háskólans á Bifröst

Frá Borgarbyggð:

Aðalfulltrúi: Björn Bjarki Þorsteinsson, framkvæmdastjóri
Varafultrúi: Sigríður G. Bjarnadóttir, bókari

Frá Hollvinasamtökum Bifrastar:

Aðalfulltrúi: Leifur Runólfsson, lögmaður
Varafultrúi: Hörður Harðarson

Frá háskólaráði Háskólans á Bifröst:

Aðalfulltrúi: Ingibjörg Ingvadóttir, hdl. og lektor
Varafultrúi: Páll Rafnar Þorsteinsson, sviðsstjóri

Frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga:

Aðalfulltrúi: Guðsteinn Einarsson, formaður, kaupfélagsstjóri KB
Varafultrúi: Ómar Valdimarsson, framkvæmdastjóri

Frá Samtökum atvinnulífsins:

Aðalfulltrúi: Marteinn Jónsson, viðskiptafræðingur
Varafultrúi: Halldór Árnason, hagfræðingur

Háskólaráð

Háskólaráð er æðsta vald í innri málum háskólasamfélagsins. Þar sitja rektor, aðstoðarrektor, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, þrír fulltrúar kennara sem kennslu- og rannsóknarráð tilnefni, einn fulltrúi annarra starfsmanna háskólans sem tilnefndur er á starfsmannafundi, þrír nemendur úr grunnnámi, einn fulltrúi nemenda frumgreinadeildar og einn fulltrúi meistaranema. Fulltrúar nemenda eru kjörnir af nemendum.

Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2014 - 2015

Vilhjálmur Egilsson, rektor

Anna Elísabet Ólafsdóttir, aðstoðarrektor

Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu

Halla Tinna Arnardóttir, fulltrúi starfsmanna

Guðmundur Ólafsson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Jón Freyr Jóhannsson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Sigrún Lilja Einarsdóttir, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Hallur Jónasson, fulltrúi meistaranema

Björn Líndal Traustason, fulltrúi grunnnema

Guðrún Erna Hafsteinsdóttir, fulltrúi grunnnema

Jóhannes B. Pétursson, fulltrúi grunnnema

Hallgrímur Tómasson, fulltrúi Háskólagáttarnema

Áheyrnaraðilar í háskólaráði með málfrelsi og tillögurétt eru Þorvaldur T. Jónsson fjármálastjóri, Jónas Halldór Sigurðsson fulltrúi íbúaráðs og Ólafur Ísleifsson framkvæmdastjóri gæðamála.

Fagráð

Fagráð háskólans er skipað aðstoðarrektror, sviðsstjórur, kennslustjóra, forstöðumanni Háskólagáttar og tveimur fulltrúum háskólanema en auk þess hefur ráðið einn starfsmann sem heldur fundargerðir og gengur frá afgreiðslu mála í samræmi við niðurstöður funda.

Fagráð vinnur að akademískri stefnumótun og þróun skólans og gerir tillögur til háskólaráðs þar um. Fagráð ákveður jafnframt um innihald námsbrauta og einstakra námskeiða. Fagráð ber ábyrgð á því að kennarar og annað starfsfólk framfylgi reglum skólans og uppfylli þær faglegu kröfur sem gerðar eru innan hans. Fagráð tekur við erindum frá nemendum og kennurum er lúta að kennslu og annarri akademískri starfsemi skólans s.s. klögumálum og kvörtunum. Fagráð fundar að jafnaði vikulega allt árið. Maj Britt Hjördís Briem var starfsmaður ráðsins allt árið.

Fulltrúar úr hópi starfsfólks í fagráði í byrjun árs 2014 voru Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektror, Páll Rafnar Þorsteinsson sviðsstjóri félagsvísindasviðs, Helga Kristín Auðunsdóttir sviðsstjóri lögfræðisviðs, Sigurður Ragnarsson sviðsstjóri viðskiptafræðisviðs og Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu sem jafnframt gegndi starfi forstöðumanns Háskólagáttar. Í september 2014 tóku Sigrún Jónsdóttir nýráðin framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu og Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir nýráðin forstöðumaður Háskólagáttar sæti í fagráði, í stað Guðrúnar Bjargar Aðalsteinsdóttur.

Fyrri hluta árs 2014 var Felix Rafn Felixson (viðskiptafræði) fulltrúi nemenda í fagráði. Í mars 2014 tók Björn Línal (viðskiptalögfræði) við af Felix og í október tók Ólöf Hildur Gísladóttir (viðskiptalögfræði) sæti sem nemendafulltrúi. Berglind Guðmundsdóttir (viðskiptafræði) var kosin varamaður en með reglugerðarbreytingu síðla árs 2014 var nemendafulltrúum fjölgaði í tvo og situr hún því sem aðalmaður í fagráði.

Kennslu- og rannsóknarráð

Í kennslu- og rannsóknaráði sitja auk aðstoðarrektors allir fastráðnir akademískir starfsmenn skólans. Einnig eiga fastir starfsmenn skólans, sem annast kennslu sem hluta starfs síns, aðild að ráðinu. Kennslu- og rannsóknaráði ber að funda a.m.k. fjórum sinnum á ári samkvæmt reglugerð skólans. Ráðið fundaði einu sinni í mánuði á árinu. Aðstoðarrektror boðar til funda ráðsins og stýrir þeim. Kennslu- og rannsóknaráð tekur ekki ákvarðanir en fjallar um allar stefnumótandi ákvarðanir sem lúta að kennslu og rannsóknum áður en þær eru leiddar til lykta á öðrum vettvangi innan skólans. Árið 2014 var lögð áhersla á stefnumótandi starf. Vinnuhópur kennslu- og rannsóknaráðs vann að nýrri kennslustefnu fyrir háskólann og kom að gerð náms- og þjónustustefnu sem báðar voru samþykktar á fundi háskólaráðs. Kennslu- og rannsóknaráð lagði áherslu á að koma á hvatakerfi fyrir akademíska starfsmenn skólans með það að markmiði að auka rannsóknavirkni og stuðla að aukinni samvinnun kennslu og rannsókna. Ráðið útbjó gæðaskjal um hvatakerfi og kom með tillögu að stofnun Rannsóknasjóðs innan skólans en hvorutveggja var samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar og í háskólaráði. Þá lagði kennslu- og rannsóknaráð til að breytingar yrðu gerðar á árlegu mati á akademísku starfi háskólakennara á Bifröst. Sú tillaga leiddi til þess að gerður var samningur við Háskóla Íslands um að hann framkvæmdi árlegt mat á akademískum störfum fastráðinna háskólakennara á Bifröst. Til grundvallar þess mats liggur sama matskerfi og notað er í öllum opinberum háskólum landsins.

Kennslu- og rannsóknaráð fjallaði um stöðu tímaritsins Samtíð sem gefið hefur verið út af Háskólanum á Bifröst. Lagði ráðið til að hlé yrði gert á útgáfu þess í ljósi mikillar samkeppni við önnur vísindarit á Íslandi. Á fundum ráðsins var jafnframt fjallað um gæðaskjöl og gæðamál almennt og kallað eftir álit

ráðsmanna. Ráðið fjallaði þá sérstaklega um nýtt form misserisverkefna og tengingu þeirra við kennslu í verkefnastjórnun og faglegri leiðbeiningu til nemenda.

Gæðaráð

Háskólaráð kýs árlega á fyrsta fundi háskólaársins sérstakt gæðaráð. Í því sitja þrjú fulltrúar nemenda, kjörnir af nemendum og þrjú fulltrúar kennara, tilnefndir af kennarafundi, ásamt formanni sem tilnefndur er af rektor. Jafnframt starfar gæðastjóri með ráðinu, hann skipuleggur fundi þess í samráði við formann og ritar fundargerðir þess.

Fulltrúar í gæðaráði til september 2014:

Stefán Kalmansson, formaður, fulltrúar kennara voru Kári Joensen, Magnús Árni Magnússon og Maj Britt Hjördís Briem. Fulltrúar nemenda voru Hjörtur Ingi Hjartarson, Ívar Örn Þráinsson og Sigurður Grétarsson. Framkvæmdastjóri gæðamála var Ólafur Ísleifsson.

Fulltrúar í gæðaráði frá september 2014:

Stefán Kalmansson, formaður, fulltrúar kennara voru Kári Joensen, Magnús Árni Magnússon og Maj Britt Hjördís Briem. Fulltrúar nemenda voru Hjörtur Ingi Hjartarson, Ívar Örn Þráinsson og Sigurður Grétarsson. Framkvæmdastjóri gæðamála var Ólafur Ísleifsson.

Gæðastefna Háskólans á Bifröst

Gæðastefna Háskólans á Bifröst leggur áherslu á öflugt og umbótamiðað gæðastarf sem tekur til allrar starfsemi skólans. Gæðastarfinu er ætlað að hámarka gæði náms, kennslu og rannsókna við háskólann með það að markmiði að bjóða nemendum, kennurum og starfsfólki upp á lærdómssamfélag sem mætir íslenskum og alþjóðlegum gæðakröfum sem og að tryggja gæði prófgráða frá Háskólanum á Bifröst. Gæðakerfið á að taka mið af og leitast við að uppfylla kröfur sem gerðar eru til ytra og innra mats háskóla. Gæðastarfið skal vera opið, gegnsætt og einkennast af gagnrýnum og framsýnum viðhorfum. Gæðakerfið felur í sér viðleitni til úrbóta og skal stöðugt vera í endurskoðun og framþróun.

Háskólinn á Bifröst leggur áherslu á að taka mið af og mæta í hvívetna innlendum og alþjóðlegum gæðakröfum sem gerðar eru til háskóla, þar á meðal þeim kröfum sem felast í þátttöku í evrópska háskólasvæðinu, European Higher Education Area. Gæðakerfi Háskólans á Bifröst tekur þannig mið af leiðbeiningum sem settar eru fram í ritinu *Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area*. Háskólinn á Bifröst styður eindregið rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi og störf Gæðaráðs íslenskra háskóla og leggur áherslu á að taka virkan þátt í samstarfi háskóla á sviði gæðamála, m.a. á vettvangi ráðgjafanefndar Gæðaráðsins.

Gæðahandbók Háskólans á Bifröst, sem er öllum aðgengileg á vefsíðu skólans, felur í sér lýsingu á gæðakerfi skólans, afmörkun verkefna og ábyrgðar og verklagsreglur sem móta starf skólans um nám, kennslu, rannsóknir og aðra helstu þætti í starfsemi hans. Gæðahandbókin sætir reglubundinni endurskoðun í samræmi við það markmið skólans að gæðastarf á vettvangi hans sé stöðugt og umbótamiðað. Gæðaráð og fagráð skólans fjalla um nýjar gæðareglur og endurskoðun á gildandi reglum áður en þær eru lagðar fyrir háskólaráð til staðfestingar.

Rektor Háskólans á Bifröst ber ábyrgð á gæðamálum skólans. Háskólinn á Bifröst leggur áherslu á að tryggja virka þátttöku nemenda í innra gæðastarfi skólans. Gæðaráð Háskólans á Bifröst er skipað fulltrúum nemenda og starfsmanna. Gæðaráð og gæðastjóri bera ábyrgð á gæðastjórnun háskólans gagnvart rektor og háskólaráði og skulu tryggja að skólinn starfi í samræmi við innri og ytri gæðakröfur. Aðstoðarrektor ber ábyrgð á gæðum náms, kennslu og rannsókna gagnvart rektor og háskólaráði.

Framkvæmdastjórar bera ábyrgð á gæðum þjónustu og annarrar starfsemi skólans gagnvart rektor og háskólaráði.

Gæðaráð Íslenskra Háskóla

Gæðaráð Íslenskra Háskóla, skipað sex erlendum sérfræðingum, var sett á laggirnar 2011 á grundvelli ákvæða í lögum um háskóla nr. 63/2006. Setti Gæðaráðið fram rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi (e. Icelandic Quality Enhancement Framework) og birti í sérstakri handbók. Samhliða Gæðaráðinu starfar ráðgjafarnefnd sem er skipuð fulltrúum háskólanna, stúdenta, Rannís og mennta- og menningarmálaráðuneytis og er tengiliður á milli ráðsins og skólanna. Auk þess að vera Gæðaráði til ráðgjafar um framkvæmd rammaáætlunarinnar er ráðgjafarnefndin samráðsvettvangur háskólanna og gengst fyrir málþingum og fræðslu um gæðamál. Bar hæst í því efni viðamikla ráðstefnu undir heitinu Gildi og gagnsemi gæðamats í háskólastarfi sem haldin var í Hannesarholti í Reykjavík 3. apríl 2014.

Rammaáætlun Gæðaráðs kveður á um að á fimm ára tímabili skuli fara fram kerfisbundið mat á gæðum háskólastarfs á Íslandi. Felst matið annars vegar í innra sjálfsmati háskólanna á faglegri starfsemi sinni og hins vegar í ytra mati Gæðaráðs á háskólunum. Mikið starf hefur verið unnið innan háskólanna við framkvæmd rammaáætlunar Gæðaráðsins. Gæðaráðið tók út Háskólann á Bifröst í mars 2015 og var skólinn þannig hinn síðasti sem ráðið tók út í yfirstandandi fimm ára lotu.

Umbótamiðað gæðastarf í Háskólanum á Bifröst

Á árinu 2014 var unnið að innra mati skólans til undirbúnings úttektar Gæðaráðsins samhliða því sem unnið var að sjálfsmati einstakra deilda skólans. Komu fjölmargir starfsmenn og nemendur skólans að þessu undirbúningsstarfi.

Gæðastarf árið 2013 einkenndist, ásamt undirbúningi að gæðaúttekt á skólanum, aðallega af endurskoðun á gæðahandbók skólans, ekki síst í ljósi breytinga á kennsluháttum með innleiðingu lotukerfis. Tók þessi endurskoðun einkum til gæðaskjala sem snerta nám og kennslu við skólann. Samhliða þessu voru innleiddar nýjar reglur á ýmsum sviðum og má sem dæmi nefna nýja alþjóðastefnu, gæðastefnu og kennslustefnu. Settar voru reglur um umbun fyrir rannsóknvirkni, sem geyma meðal annars ákvæði um Rannsóknasjóð Háskólans á Bifröst, og reglur um rannsóknaleyfi. Þá voru í fyrsta sinn skráðar reglur um hvatningar- og útskriftarverðlaun Háskólans á Bifröst, Bifrastarlistann.

Gæði og viðmið

Mat á gæðum náms, kennslu og rannsókna felur meðal annars í sér þættina gæði og viðmið (e. quality and standards).

Gæði náms tengjast því umhverfi sem nemandi starfar innan á námstímanum og hefur áhrif á námsframvindu og frammistöðu í námi. Með gæðum náms í gæðakerfinu er átt við reynslu nemenda í námi við skólann (e. quality of learning experience) frá því einstaklingur sækir um skólavist og allt til hann útskrifast úr skólanum. Þeir þættir sem m.a. skipta máli í þessu efni eru þróun námsskrár, gæði kennslu, stoðþjónusta, námsumhverfi og námsmat. Auk þessa skiptir stuðningur við rannsóknir og tengsl náms og rannsókna miklu máli varðandi gæði náms, sérstaklega á meistarastigi.

Gæðakerfinu er ætlað að standa vörð um þau viðmið (e. standards) sem sett eru fyrir hverja prófgráðu sem skólinn veitir og birtist í þeim verklagsreglum og ferlum sem snerta skilgreiningar á námsgráðum, gildistöku, eftirliti og mati á námskeiðum og mótun reglna um námsmat ásamt þróun leiða í árangursmati og samanburði (e. benchmarking).

Nemendur

Nemendaskrá skólans er í umsjá kennsluviðs, en fjöldatölur sem birtar eru hér eru samtölur fyrir almanksárið 2014. Í ársskýrslu fyrir árið 2013 eru samtölur töluvert hærrí í öllum tilfellum nema fyrir Háskólagátt (áður frumgreinadeild) og símenntun. Mestu munar um símenntun en nú eru öll námskeið á vegum símenntunar tekin með í fjöldatölunum. Fjöldatölur í síðustu ársskýrslu gáfu mynd af öllu þýðinu í nemendaskránni, en ekki einungis virkum nemendum á árinu eins og gert er nú.


Heildarfjöldi nemenda 2014, aldur, kyn, fagsvið, búseta

Flestir nemendur í háskólanámi eru sem fyrr á viðskiptasviði. Konur eru í meirihluta nemenda í skólanum, rúmlega 60% nemenda. Mesti munur milli kynja er í opnu námskeiðunum. Meðalaldur nemenda við skólann er 36 ár sá sami og í fyrra, meðalaldur nemenda í símenntun hefur hækkað um eitt ár frá því í fyrra og er nú 44 ár.


Fagsvið	Nemendur	Útskrifaðir 2014	Nýnemar og aftur í nám	Meðalaldur	kk	kvk	%	%
Háskólagátt	264	110	129	34	98	166	37%	63%
Viðskiptasvið	382	35	154	34	133	249	35%	65%
Lögfræðisvið	103	23	23	35	48	55	47%	53%
Félagsvísindasvið	119	19	53	37	47	72	39%	61%
Símenntun*	136	63	93	44	44	92	32%	68%
Opið nám	18	Á ekki við	2	29	5	13	28%	72%
Samtals	1022	250	454	36	375	647	37%	63%

*Að auki sóttu 183 einstaklingar stutt námskeið í samstarfi við Samkaup og N1, sjá töflu um símenntun.


Nemendur eftir sviðum



Meðalaldur nemenda



Kynjaskipting nemenda




Nemendur í háskólagátt og eftir fagsviðum árið 2014

	Nemendur	Útskrifaðir 2014	Nýnemar og aftur í nám	kk	kvk	%	%
Háskólagátt							
Fjarnám	200	74	107	68	132	34%	66%
Staðnám	64	36	22	30	34	47%	53%
Samtals	264	110	129	98	166	37%	63%
Viðskiptasvið							
Grunnnám	271	28	68	95	176	35%	65%
Meistaránám	111	7	86	38	73	34%	66%
Samtals	382	35	154	133	249	35%	65%
Lögfræðisvið							
Grunnnám	59	11	19	27	32	46%	54%
Meistaránám	44	12	4	21	23	48%	52%
Samtals	103	23	23	48	55	47%	53%
Félagsvísindasvið							
Grunnnám	57	7	20	28	29	49%	51%
Meistaránám	62	12	33	19	43	31%	69%
Samtals	119	19	53	47	72	39%	61%
Opið nám	18	Á ekki við	2	5	13	28%	72%
Samtals	886	187	361	331	555	37%	63%


Nemendur í símenntun árið 2014

Símenntun	Nemendur	Útskrifaðir 2014	Nýnemar og aftur í nám	kk	kvk	%	%
Diplómanám í verslunarstjórnun	26	17	17	9	17	35%	65%
Máttur kvenna 1	22	14	30	0	22	0%	100%
Sterkari stjórnslá	69	Á ekki við	4	29	40	42%	58%
Stjórnun og samvinna í ferðaþjónustu	19	15	25	6	13	32%	68%
Stutt námskeið í samstarfi við Samkaup og N1	183	Á ekki við	Á ekki við	65	118	36%	64%
Samtals	319	46	76	109	210	34%	66%


Nemendur eftir námsstigum



Útskrifaðir nemendur eftir námsstigum



Nemendur eftir landshlutum



Nemendur eftir námsstigum í upphafi skólaárs 2014 (september)

Námsstig	Heild	Karlar	Konur
Nemendur í Háskólagátt	137	52	85
Nemendur á háskólastigi	481	168	313
Nemendur í Símenntun	33	11	22
Nemendur alls í námi	651	231	420

Kennslusvið

Verkefni kennslusviðs lúta að framkvæmd kennslu og þjónustu við nemendur. Þar má nefna umsjón með kennslukerfi og nemendaskrá skólans, útskriftum, móttöku ritgerða, framkvæmd námsmats, náms- og starfsráðgjöf o.fl. Framkvæmd kennslumats, skipulagning kennslunnar og vinnuhelga er meðal þess sem sviðið sér um. Loks setur kennslusvið upp stundaskrár hverrar lotu og dagskrá skólaársins í samráði við sviðsstjóra og yfirstjórn skólans.

Á árinu 2014 einkenndist starfið á kennslusviði af undirbúningi fyrir innleiðingu breyttra kennsluhátta og endurskipulagningar á starfinu með því að taka upp lotukennslu í öllu náminu. Haustið 2014 var krefjandi jafnt fyrir starfsfólk og nemendur hvað þetta varðar. Umsýsla vegna námsmats og skipulagning prófatímabila jókst nokkuð vegna upptöku lotukennslunnar haustið 2014. Unnið var að því að auka þátttöku nemenda í kennslumati og að fylgja kennsluáætlunum vel eftir í kennslunni. Einnig var sem fyrr unnið að því að bæta samskipti við LÍN og reyna að tryggja sem best upplýsingaflæði milli skólans og LÍN.

Félagsvísindasvið

Starf félagsvísindasviðs árið 2014 markaðist af þeim miklu breytingum á kennslufyrirkomulagi sem gerðar voru á árinu. Innleiðing lotubundinnar kennslu gekk vel fyrir sig. Kennarar á félagsvísindasviði voru vel í stakk búnir til þess að takast á við breytingarnar. Þó hafa vaknað spurningar um hvort nýir kennsluhættir henti jafn vel til náms og kennslu í öllum greinum. Nauðsynlegt er að gefa þeim spurningum gaum meðan lagt er mat á nýtt fyrirkomulag.

Aðsókn í grunnnám á félagsvísindasviði jókst á árinu. Nemendum í HHS fjölgaði frá fyrra ári en fjölgunin einskorðast við fjarnám. Færri nemendur sækja hins vegar um staðnám en áður og er það áhyggjuefni.

Mótaðar voru þrjár nýjar námsleiðir í grunnnámi, BA nám í miðlun og almannatengslum, BA nám í byltingafræði og BA nám í stjórnmalahagfræði, en allar byggja þær á grunni HHS-námsins, sem áfram verður kjölfesta í grunnnáms á félagsvísindasviði. Við undirbúning var leitað álits bæði meðal nemenda og aðila úr atvinnulífi. Námsframboð mun því aukast til muna frá og með haustmisseri 2015 þegar boðið verður upp á fjórar námslínur á BA stigi bæði í stað- og fjarnámi.

Námsframboð á framhaldsstigi var aukið á árinu. Boðið var upp á meistaranám í menningarstjórnun með áherslu á menntastjórnun. Námslínan fékk góðar viðtökur og fór aðsókn í meistaranám í menningarstjórnun fram úr vonum. Menningarstjórnunarnámið hefur fest sig í sessi og stendur í miklum blóma. Þá var boðið upp á meistaranám í alþjóðlegri stjórnmalahagfræði í fyrsta sinn. Aðsókn var ekki eftir væntingum en bæði nemendur og kennarar láta vel af námsleiðinni.

Þá var unnið að sjálfsmatsskýrslu félagsvísindasviðs sem lögð var fyrir gæðaráð Rannís í upphafi árs 2015. Mikil vinna fór í öflun og úrvinnslu upplýsinga vegna sjálfsmatsskýrslunnar. Utanaðkomandi ráðgjafi frá Syddansk Universitet í Danmörku kom að þeirri vinnu og gaf félagsvísindasviði góða dóma. Gerð var umbótaáætlun sem unnið verður að á næstu árum.

Akademískir starfsmenn félagsvísindasviðs unnu ötullega að að rannsóknum á sínum sviðum á árinu. Afraksturinn hefur m.a. birst í greinum og útgefnum bókum á virtum forlögum heima og erlendis. Má þar nefna bókina *Iceland and the International Financial Crisis* eftir Dr. Eirík Bergmann prófessor sem gefin var út af Palgrave Macmillan í London. Einnig má nefna grein Dr. Njarðar Sigurjónssonar, dósent, *Hljóðmenning Alþingis*, sem birt var í Skírni, grein Dr. Sigrúnar Lilju Einarsdóttir, lektors, *'Leaders,' 'followers' and collective group support in learning 'art music in an amateur*

composer-oriented Bach Choir” sem birt var í tímaritinu *British Journal of Music Education* og gefið er út af Cambridge University Press, auk bókarkafla Auðar H. Ingólfssdóttur „Environmental Security and Small States“ í bókinni *International Security, Europe and beyond*, sem útgefin var af Routledge forlaginu.

Viðskiptasvið

Starfið á viðskiptasviði einkenndist áfram af sóknarhug og þeim áætlunum sem lágu fyrir og var lokið við á árinu. Mikil vinna fór í undirbúning á nýju meistanámi í forystu og stjórnun sem hófst haustið 2014 og fékk frábærar viðtökur. Ennfremur var kynnt til sögunnar ný áhersla í grunnnámi, þ.e. BS gráða í viðskiptum með áherslu á matvælaekstur sem fór vel af stað. Þess ber einnig að geta að mikil vinna fór í lokaundirbúning og innleiðingu á samþættingu á stað- og fjarnámi, í grunnnáminu, sem hófst haustið 2014. Samþættingin sem gengur út á lotubundna kennslu hefur gengið vel.

Ennfremur var lagður grunnur að nýrri áherslu í grunnnámi á þjónustufræði, þ.e. BS gráða í viðskiptum með áherslu á þjónustufræði. Nemendur sem velja þessa leið taka sjö sérstaka áfanga á því sviði en námið hefst haustið 2015.

Vinna við undirbúning og þróun á Norræna forystulíkaninu (Nordic Leadership Model) undir stjórn Einar Svanssonar og Jóns Snorra Snorrasonar fór af stað og samstarf við Þekkingarsetur um þjónandi forystu var innsiglað með ráðstefnu sem var haldin á Bifröst haustið 2014 og yfir 220 manns sóttu. Einnig var settur af stað sérstakur áfangi í þjónandi forystu í meistaranáminu, sem hluti af forystu og stjórnun. Námskeið í Rekstraráætlunum 1 og 2 voru þróuð áfram en í þeim er lögð áhersla á samvinnu við starfandi fyrirtæki og í vetur tóku fjöldamörg fyrirtæki þátt.

Samskipti við erlenda háskóla var með ýmsu sniði og má þar nefna að nemendur fóru utan með kennurum til þátttöku í verkefnum eins og Sustainable Tourism, en það verkefni er sérstaklega ætlað fyrir nemendur í BS námi með áherslu á ferðaþjónustu, og eNordBalt sem snýr sérstaklega að skoðun á hagkerfi internetsins.

Akademískir starfsmenn sviðsins sinntu fjölbreyttum verkefnum á árinu. Tvær bækur eftir Dr. Ágúst Einarsson prófessor komu út á árinu 2014, *Economic Impact of the Motion Picture Industry. The Icelandic Model* og *Hagræn áhrif ritlistar* og voru þær báðar gefnar út af Háskólanum á Bifröst. Bókin *Hagræn áhrif ritlistar* var tilnefnd til Viðurkenningar Hagþenkis, félags fræðibókahöfunda. Ágúst flutti auk þess mörg erindi um hagræn áhrif menningar og birti grein í þýsku tímariti um tækifæri Íslands í skapandi atvinnugreinum. Rannsóknir Dr. Sigrúnar Gunnarsdóttur hafa snúið að starfsumhverfi og þjónandi forystu, til dæmis: 1. Norrænt rannsóknarverkefni um starfsumhverfi í heilbrigðisþjónustu sem áherslu á straumlínustjórnun, sköpun og þjónandi forystu. Rannsóknin er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. 2. Þverfaglegt rannsóknarverkefni um starfsumhverfi á Landspítala með áherslu á truflanir og gæði þjónustunnar. Í báðum þessum verkefnum hafa niðurstöður birst í ritrýndum greinum og jafnframt verið kynntar á vísindaráðstefnum héraendis og erlendis. Þá má einnig geta þess að Einar Svansson, lektor og Stefán Kalmansson, aðjúnkt, eru að vinna að rannsóknum á stjórnun fiskveiða og sjálfbærni. Þeir unnu



bókarkafli á síðasta ári sem ber heitið *Sustainable Management of Renewable Natural Resources: The Case of Fisheries Management Systems*, sem stefnt er að komi út á þessu ári. Ennfremur vann Stefán, í samstarfi við Rannsóknasetur verslunarinnar, skýrslu sem heitir *Íslensk netverslun – greining á stöðu og framtíðarhorfur* og kom hún út í byrjun janúar 2015. Að lokum má nefna að Einar Svansson, lektor, hefur unnið að rannsóknum á opinni nýsköpun í ferðaþjónustu (e. Open innovation in tourism) auk þátttöku í rannsóknum á Norræna forystulíkaninu (e. Nordic leadership Model).

Lögfræðisvið

Starfið á lögfræðisviði fór fram með miklum ágætum á árinu 2014. Fyrst ber að nefna að kennsluháttum var breytt og tekin var upp vendikennsla. Um var að ræða umfangsmikið verkefni á lögfræðisviði þar sem kennarar þurftu í fyrsta sinn að taka upp fyrirlestra og setja á netið.

Samhliða breytingum á kennsluháttum var uppsetningu náms breytt og gráðan stækkuð úr 180 í 190 einingar. Ný námskeið voru sett í fót, t.d. inngangur að réttarfari. Almenn lögfræði sem áður var eitt námskeið, var eftir breytingar þrjú námskeið. Refsiréttur var einnig fluttur úr meistaranámi í grunnám. Reglulegir sviðsfundir lögfræðisviðs voru haldnir á Hverfisgötu í Reykjavík.

Nýjir aðjúnktar bættust í hópinn, Katrín Helga Hallgrímsdóttir fékk fasta stöðu aðjúnkts. Guðrún Sesselja Arnardóttir og Hrafn Ásgeirsson sem áður voru stundakennarar fengu stöðu aðjúnkta.

Háskólinn á Bifröst tók í fyrsta skipti þátt í alþjóðlegu samstarfsverkefni sem nefnist Law Without Walls. Margir virtustu háskólar heims taka þátt í þessu alþjóðlega samstarfsverkefni. Þar má nefna lagadeildir Harvard, Stanford, New York University, Fordham, IE Business School, University College London, University of Sydney og Peking University. Verkefnið er skipulagt af lagadeild University of Miami. Verkefnið er metnaðarfullt samstarfsverkefni bestu lagadeilda í heimi. Markmið þess er að bregðast við breyttri stöðu lögfræðinga á atvinnumarkaði og umbylta þekktum aðferðum við lögfræðikennslu. Verkefnið miðar að því að laganemar fái víðari sýn á fræðin og nýti menntun sína í auknum mæli til nýsköpunar.

Innan lögfræðisviðs var unnið að rannsókn á kjarasamningum á Íslandi í Svíþjóð og Danmörku sem er í umsjón Rannsóknastofnunar atvinnulífisins.

Háskólagátt

Háskólagátt byggir á grunni frumgreinadeildar Háskólans á Bifröst og er skilgreint sem nám á hæfniprepi 3 samkvæmt ISQF (Icelandic Quality Framework). Árið 2013 var farið í gagngera endurskipulagningu á náminu í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 og lög um framhaldsskóla nr 92/2008. Þessi vinna var tekin upp aftur í lok árs 2014. Endurskipulagningin að þessu sinni fólst í að rýna alla námsáfanga sem boðið er upp á og bæta við nýjum. Nám í Háskólagátt verður 62 f-einingar (framhaldsskóla einingar) frá og með skólaárinu 2015-2016 en var áður 60. Nemendum stendur einnig til boða að bæta við sig 15 f-einingum í kjarnagreinunum, þ.e. íslensku, ensku og stærðfræði og útskrifast þá með allt að 77 f-einingum. Viðbótarnámið er hugsað fyrir nemendum sem vilja undirbúa sig sérstaklega fyrir háskólanám og þá sem þurfa að bæta við sig námsgreinum til að uppfylla sértæk inntökuskilyrði annarra háskóla. Nemendur útskrifast með þekkingu, leikni og hæfni sem samræmist þriðja hæfniprepi framhaldsskólástigsins og uppfyllir skilyrði aðalnámskrár til námsloka á þriðja þrepi samkvæmt ISQF.

Nám í Háskólagátt er kennt bæði í stað- og fjarnámi með staðnámslotum. Námið kemur til móts við nemendur sem ekki hafa lokið stúdentsprófi en hafa hug á að hefja nám á háskólastigi. Námið er einnig góður undirbúningur fyrir þá sem snúa aftur til náms eftir hlé eða vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun og frumkvæði nemenda auk færni nemenda í grunnreinum framhaldsskólans; íslensku, ensku og stærðfræði. Námið inniheldur einnig námsgreinar sem undirbúa nemendur sérstaklega fyrir nám í háskóladeildum á sviði félags- og hugvísinda.

Til að eiga kost á að hefja nám í Háskólagátt þurfa nemendur að hafa lokið 138 framhaldsskólaeiningum samkvæmt núgildandi einingarkerfi, sem jafngildir um það bil 85 einingum samkvæmt gamla einingakerfinu. Innan þessa 138 eininga verða umsækjendur að hafa lokið að minnsta kosti einum áfanga í íslensku, stærðfræði og ensku. Ef umsækjandi uppfyllir ekki inntökuskilyrði en býr yfir töluverðri starfsreynslu gefst honum kostur á að leggja fram niðurstöður raunfærnimats sem metur jafngilda reynslu og menntun. Starfsreynsla er þó aldrei metin til fulls á við einingar. Námið tekur tvær annir, haustönn og vorönn og er lánshæft til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Nemendum gefst kostur á viðbótarnámi á sumarönn.



Kennsluhættir eru í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 og taka einnig mið af gildum og stefnu Háskólans á Bifröst. Fjölbreytni í kennsluaðferðum og viðfangsefnum er höfð að leiðarljósi þegar horft er til þess hvernig nemendur geta öðlast lykilhæfni. En í ljósi þess að Háskólagátt starfar sem hluti af háskólastofnun mótast starfsemi hennar ekki síður af áherslum háskólans og af því hlutverki hennar að veita nemendum markvissan undirbúning fyrir háskólanám. Lögð er áhersla á sjálfstæða, skapandi og gagnrýna hugsun, glímu við raunhæf verkefni og vinnu að lausn vandamála. Allt námsferlið stuðlar að agaðri hugsun og vinnulagi nemenda. Námsmatið byggir á stöðugri verkefnavinnu sem þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum auk þess sem hópastarf er mikilvægur þáttur námsins. Mikil áhersla er lögð á góða endurgjöf og athugasemdir frá kennurum til nemenda í tengslum við verkefnavinnu sem nemendur eiga svo að geta nýtt sér til að bæta árangur sinn.

Símenntun

Símenntun Háskólans á Bifröst hefur verið skilgreind sem sóknarsvið og hefur allt starf á árinu 2014 dregið dóm af því. Eftir stefnumótun og áætlunargerð var tekin sú stefna að halda áfram að sækja fyrst og fremst fram á fyrirtækjamarkað og bjóða upp á enn meira úrval af sérsniðnu námi. Ákveðið var að styðja við sóknina með því að efla mannauðinn og fjárfesta þannig í verkefninu. Þá voru þau Jón Snorri Snorrason, María Ólafsdóttir og Davíð Þ. Olgeirsson fengin til að taka þátt í þessari eflingu með hönnun, kynningu og sölu á sérsniðnu námi.

Áherslurnar hafa verið fyrst og fremst á námskeið fyrir verslunar- og þjónustufyrirtæki. Fjölmörg fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir sýndu þessu námsframboði áhuga og voru ýmiskonar námskeið haldin á árinu og enn fleiri árið 2015, vel flest þeirra á Bifröst þar sem hópar koma og gista og þiggja veitingar. Auk þessa var áfram boðið upp á nám fyrir sveitarfélög en á árinu stunduðu stjórnendur Dalvíkurbyggðar, Skagafjarðar og Hornafjarðar nám við Símenntun Háskólans á Bifröst.

Diplómanám í verslunarstjórnun hefur lengi skipað mikilvægan sess í Símenntun Háskólans á Bifröst. Þaðan hafa útskrifast hátt í 200 nemendur og á árinu var haldið upp á afmæli en 10 ár voru frá því fyrsti

hópurinn útskrifaðist. Það var því ákveðið að útskrifa þennan hóp með sérstakri hátíð en velunnarar námsins á borð við Samtök verslunar og þjónustu og VR tóku þátt í dagskránni og veittu vegleg verðlaun til þeirra sem höfðu skarað framúr í náminu.

Máttur kvenna fór í endurskoðun og var ákveðið að efla þetta nám enn frekar með því bæta inn nýju námsefni um stofnun og rekstarform fyrirtækja auk þess sem meiri áhersla var nú lögð á nýsköpun, frumkvöðlafræði, framkomu og tjáningu.

Einnig var námið Stjórnun og samvinna í ferðaþjónustu keyrt á haustönn og stefnt að því að bjóða upp á það í það minnsta einu sinni á ári.

Símenntun Háskólans á Bifröst tók þátt í erlendum samstarfsverkefnum, styrktum af menntaáætlun Evrópusambandsins.

FEMALE - Markmið verkefnisins er að styðja við frumkvöðlakonur í Evrópu sem hafa nýlega stofnað sitt eigið fyrirtæki, með því að styrkja færni þeirra og getu með menntun og eflingu tengslanets.

RETRAIN - Markmið verkefnisins er að koma á laggirnar námi fyrir starfsþjálfva í verslunum. Námið miðar að því að til verði sérhæfðir starfsmenn í verslunum sem geti tekið að sér þjálfun og verklega kennslu nýrra starfsmanna.

Þessi verkefni, sem og starfsemin öll, bera vott um aukin umsvif en áfram verður unnið að því að efla símenntun enn frekar við Háskólann á Bifröst.

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst sinnir rannsóknar- og þróunarverkefnum fyrir atvinnulíf og samfélag, auk þess að vera akademískum starfsmönnum skólans ráðgefandi við umsóknir um rannsóknarstyrki og rannsóknarsamstarf. Rannsóknamiðstöðin sinnir einnig verkefnum fyrir innra starf skólans, t.d. fyrir framkvæmdastjórn og fyrir Hollvinasamtök Bifrastar. Af innra starfi skólans tengdu rannsóknnum má nefna að á árinu 2014 samþykkti fundur kennslu- og rannsóknaráðs að setja á fót Rannsóknasjóð Háskólans á Bifröst, en hlutverk sjóðsins er að styrkja akademíska starfsmenn skólans til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og til að sækja ráðstefnur á sínu fagsviði. Rannsakendur geta einnig átt þess kost að sækja um tímabundna lausn frá kennslu til að sinna rannsóknum.

Á árinu 2014 kom Rannsóknamiðstöð að fjölbreyttum verkefnum. Unnin voru þjónustuverkefni fyrir innlenda aðila, ýmist innan háskólans, úr nærsamfélagi hans og víðar að. Má þar meðal annars nefna umfangsmikla öflun gagna tengda þróun kennslu og gæðastarfi skólans. Á vettvangi rannsóknamiðstöðvar tók Háskólinn á Bifröst einnig þátt í starfi Félags íslenskra rannsóknastjóra ásamt fulltrúum hérlendra háskóla og rannsóknastofnana.

Meðal samstarfsverkefna við erlenda háskóla og stofnanir má nefna þróun samstarfs innan Nordplus áætlunarinnar og síðan samstarf við ýmsa evrópska háskóla með hjálp styrkja frá Uppbyggingarsjóði EFTA. Er þar um að ræða verkefni með samstarfsaðilum frá t.d. Portúgal, Póllandi og Rúmeníu. Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvar er Kári Joensen.

Þrjú rannsóknasetur voru starfrækt á ólíkum sérsviðum, Rannsóknasetur verslunarinnar, Evrópufræðasetur og Rannsóknasetur í menningarfræðum

Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst

Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst var sett á fót 1. ágúst 2005 í samstarfi við heildarsamtök í íslensku atvinnulífi; Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Samtök atvinnulífsins

og Samtök iðnaðarins. Markmið setursins er að vera vettvangur fyrir kennslu, rannsóknir og alhliða faglega umræðu fræðimanna og fagaðila á Íslandi um Evrópumál með sérstaka áherslu á málefni sem snerta atvinnulífið. Forstöðumaður Evrópufræðaseturs er Dr. Eiríkur Bergmann, prófessor við Háskólann á Bifröst en hann hefur gegnt stöðu forstöðumanns allt frá stofnun setursins árið 2005. Auk þess að sinna rannsóknum á íslensku og evrópsku stjórn málaumhverfi þá hefur forstöðumaður tekið virkan þátt í umræðu um málefni líðandi stundar í innlendum og erlendum fjölmiðlum. Af útgáfum ársins ber hæst að nefna bókina *Iceland and the International Financial Crisis* sem gefin var út af Palgrave Macmillan í London og greinina *Iceland : a postimperial sovereignty project* sem birtist í tímaritinu *Cooperation and conflict*.

Rannsóknasetur í menningarfræðum

Við Rannsóknasetur í menningarfræðum er unnið að rannsóknum af ýmsum toga á sviði menningarmála. Setrið var sett á fót árið 2007 af Háskólanum á Bifröst, Íslensku óperunni og Félagi íslenskra hljómlistarmanna, og tilgangur þess var að stuðla að margvíslegum rannsóknum á sviði menningarmála og á hlutverki menningar í samfélaginu. Fyrir fáeinum árum setti setrið upp vefsvæði þar sem birtar eru vísindagreinar, upplýsingar um lesefni tengt fræðasviði setursins, áhugaverðir tenglar um menningarmál og listi yfir lokaritgerðir í meistaranámi í menningarstjórnun. Upplýsingar á vefsetrinu eru uppfærðar reglulega. Á árinu 2014 var auk rannsókna, unnið að þróun samstarfs við erlendar stofnanir á sviði menningar. Af útgefnum efni má nefna grein Njarðar Sigurjónssonar, Hljóðmenning Alþingis, sem birt var í Skírni. Háskólinn á Bifröst gaf svo út bókina *Hagræn áhrif ritlistar* eftir Ágúst Einarsson. Einnig kom út ensk þýðing eldri bókar hans, *Hagræn áhrif kvikmyndalistar* og ber sú enska titillinn *Economic impact of the motion picture industry : the Icelandic model*.

Umsjónarmenn setursins eru Njörður Sigurjónsson dósent og Ágúst Einarsson prófessor og stunda þeir báðir rannsóknir tengdar setrinu, t.d. rannsóknir á menningarstefnu og stjórnun, rannsóknir á hagrænum áhrifum menningarstarfsemi og fleira. Við Háskólann á Bifröst er boðið upp á nám til MA gráðu í menningarstjórnun, og tengjast rannsóknir setursins oft með beinum hætti við nám nemenda.

Rannsóknasetur verslunarinnar

Rannsóknasetur verslunarinnar er miðstöð rannsókna og tölfræðiúttekta fyrir verslun á Íslandi. Almenn felst starfsemi Rannsóknaseturs verslunarinnar í því að fylgjast með þróun og breytingum sem varða verslun í landinu og koma á framfæri upplýsingum sem gagnast fyrirtækjum og almenningi. Auk þess að stunda hagnýtar rannsóknir fyrir verslun birtir rannsóknasetrið mánaðarlega svokallaða smásöluvísitölu sem sýnir veltu smásöluverslunar í hverjum mánuði og gefur út aðrar tölfræðiupplýsingar sem nýtast stjórnendum verslunarfyrirtækja. Markmið rannsóknasetursins er að auka fagmennsku í verslun á Íslandi.

Rannsóknasetur verslunarinnar var stofnað árið 2004 og var lengst af starfrækt innan Háskólans á Bifröst en þó með aðkomu fleiri hagsmunaaðila. Að því standa í dag, auk háskólans, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, SVP - Samtök verslunar og þjónustu, VR, Kaupmannasamtök Íslands og Bílgreinasambandið. Í byrjun árs 2014 var setrið gert að sérstakri sjálfseignarstofnun. Rannsóknasetrið aflar sértekna með rannsóknastyrkjum og tekna vegna verkefnavinnu fyrir einstök fyrirtæki, hagsmunasamtök og opinbera aðila. Forstöðumaður setursins er Emils B. Karlsson.

Á árinu 2014 voru unnin fjölbreytt verkefni, bæði reglubundin miðlun hagtalna, þjónustuverkefni fyrir verslunargeirann og rannsóknir í samstarfi við innlenda og erlenda háskóla og stofnanir. Smásöluvísitalan sem setrið hefur reiknað og birt til fjölda ára hélt áfram að þróast, og nú hafa bætst við tölur fyrir sölu byggingavöru á Íslandi. Meðal erlendra samstarfsverkefna má nefna verkefnið *Retrain* sem snýr að eflingu starfsþjálfunar í verslunum. Verkefnið er unnið í samvinnu við austurríska og írská samstarfsaðila og er fjármagnað af menntaáætlun ESB.

Rannsóknastofnun atvinnulífsins Bifröst

Rannsóknastofnun atvinnulífsins starfar sem sjálfseignastofnun á vegum Háskólans á Bifröst og Samtaka atvinnulífsins og var stofnuð á árinu 2013 með sérstöku framlagi frá Samtökunum til tveggja ára. Á árinu 2014 var unnið að fjórum rannsóknaverkefnum. Einu þeirra, rannsókn á umfangi skattsvika í ferðaþjónustu, lauk á vormánuðum og vakti það mikla athygli. Hin verkefni voru í vinnslu allt árið en þau eru: Rannsókn á kjarasamningum á Íslandi, í Svíþjóð og í Danmörku, rannsókn á samspili erlendra fjárfestinga og pólitísku stöðugleika og rannsókn á áhrifum væntanlegra breytinga á aldurssamsetningu íbúa landsins undir heitinu Ísland 2060. Starfsemi Rannsóknastofnunar atvinnulífsins og stuðningur Samtaka atvinnulífsins hafa verulega þýðingu fyrir Háskólann á Bifröst.

Vaxtarklasar í Borgarbyggð

Á haustmánuðum 2014 fór af stað verkefnið Vaxtarklasar í Borgarbyggð í samstarfi Háskólans á Bifröst, Borgarbyggðar og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). Verkefnið felst í að kortleggja atvinnutækifæri og vaxtarmöguleika svæðisins og efla samvinnu lítilla fyrirtækja sem horfa til aukins vaxtar og hafa sameiginlega hagsmuna að gæta. Þannig eykst samkeppnishæfni svæðisins og aðgangur að fjármagni til framkvæmda verður greiðari.

Alþjóðasvið

Starfsemi alþjóðadeildar var með sama sniði og verið hefur undanfarin ár. Alþjóðafulltrúi sótti ráðstefnu EAIE (European Association for International Education) í Prag í september. Þessi ráðstefna er helsti vettvangur skólans til að byggja upp alþjóðleg tengsl, hitta fulltrúa annarra skóla og leggja drög að samningum. Erlendir skiptinemar á vorönn voru 18 talsins, tíu stunduðu nám á sumarönn og 28 komu til náms á haustönn. Skiptinemar eru sem fyrr flestir frá evrópskum samstarfsskólum, en skiptinimum frá Kóreu, Singapore og Japan hefur einnig farið fjölgandi. Skiptinemar frá Bifröst sem stunduðu nám við samstarfsskóla voru tveir á vorönn en átta á haustönn. Skólinn er nú með samninga við 60 erlenda samstarfsskóla. Tíu nýir samningar voru gerðir á árinu. Á árinu fengu tveir kennarar við skólann Erasmus styrki til að vera um tíma við erlendan samstarfsskóla á skólaárinu 2014-2015. Alþjóðafulltrúi er Karl Eiríksson.



Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi skólans skólaárið 2014 var Toby Sigrún Herman og var hún í 60% starfi út júlí 2014, Björn Hafberg starfaði í 60% starfi fram að áramótum og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir sem kom til starfa 1. september í 50% starf, til að byrja með, en í 100% starf frá desember.

Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafa

Kröfur sem gerðar eru til náms- og starfsráðgjafa eru að þeir geti tekist á við hvers konar vandamál sem nemendur koma með og unnið úr þeim á sem farsælastan máta. Náms- og starfsráðgjafar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir eru málsvarar og trúnaðarmenn nemenda og skjólstæðinga þeirra og gefa ekki upp nöfn þeirra sem til þeirra leita. Náms- og starfsráðgjafar veita persónulega ráðgjöf vegna örðugleika er koma niður á árangri eða vellíðan í námi og geta nemendur sem reynist erfitt að standa sig í námi vegna áfalla eða erfiðleika í einkalífi rætt mál sín í trúnaði við þá.

Náms- og starfsráðgjafar veita nemendum ráðgjöf og miðla upplýsingum um möguleika og framboð á námi og störfum og veita einstaklingum sem stefna á nám við skólann ráðgjöf varðandi námsval. Þeir leiðbeina nemendum við að tileinka sér öguð vinnubrögð og tímastjórnun og sjá einnig um að leiðbeina og halda utan um þá nemendur sem þurfa á sérúrræðum í námi að halda og um þau úrræði sem í boði eru hjá skólanum. Auk þessa veita þeir starfsmönnum stuðningsviðtöl og handleiðslu.

Námskeið

Aðstoð sem veitt er af náms- og starfsráðgjöfum fer aðallega fram í gegnum viðtöl en einnig í símaviðtölum, tölvupóstum og námskeiðum. Árið 2014 voru námskeið um skipulögð vinnubrögð, tímastjórnun, markmiðssetningu, námstækni, lestrartækni, glósutækni og um prófundirbúning, próftöku og að takast á við prófkvíða kennd á vefnum sem og í hefðbundnu fyrirlestraformi á Bifröst og á Hverfisgötu.

Framboð og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2014 var fyrirkomulag viðtalstíma þannig að nemendur gátu pantað tíma fyrirfram eða komið við og fengið viðtal ef ráðgjafi var laus þá stundina. Töluverður fjöldi fjarnema leitaði til ráðgjafa og fór sú ráðgjöf fram að mestu í gegnum tölvupóst og síma, í gegnum hefðbundna viðtalstíma á Bifröst og að Hverfisgötu 4-6. Staðnemar eru einnig duglegir að nýta sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa en sú ráðgjöf fer að mestu fram í formi viðtala en einnig í gegnum tölvupóst og síma.

Bókasafn

Andrea Jóhannsdóttir, háskólabókavörður, lét af störfum í árslok en Þórný Hlynsdóttir MLIS, tók við af henni og hóf störf 1. september. Ásta G. Rögnvaldsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur er áfram í hlutastarfi og nemendur sinntu sem fyrr afgreiðslustörfum á kvöldin og um helgar.

Öll hefðbundin bókasafnsþjónusta var veitt á safninu, útlán, millisafnalán, upplýsingaþjónusta og upplýsingakennsla. Afgreiðsla safnsins var opin virka daga frá kl. 10 - 17 og tvö kvöld í viku. Um helgar var lokað nema á vinnuhelgum. Þjónusta við fjarnema fer vaxandi enda fjölgar þeim hlutfallslega í nemendahópnum.

Haldið var áfram þróun rafrænnar geymslu, www.skemman.is, fyrir lokaverkefni. Til samans eigum við 818 rit í Skemmumni, þar af eru 772 þeirra lokaritgerðir, flestar af viðskiptasviði. Skemman er hirsla fyrir lokaverkefni allra háskóla á Íslandi. Vinna hófst við að koma á rafrænu varðveislukerfi fyrir rannsóknir starfsmanna í samræmi við samþykktir þeirra og Rannís um Opinn aðgang.

Hjá Landskerfi bókasafna var haldið áfram að þróa www.leitir.is en sú leitargátt mun taka við af www.gegnir.is. Á www.leitir.is er hægt að leita samtímis í bókasafnsgrunni og rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Einnig er hægt að vista heimildaleitir, einstakar heimildir í rafrænni hillu notenda og senda í heimildaskráningarforrit. Allt þetta auðveldar notendum að finna upplýsingar og vinna með heimildir.

Ritakostur og útlán

Áfram var haldið að byggja upp ritakostinn og markvisst keypt inn rit fyrir nýrri svið skólans, lögfræðisvið og félagsvísindasvið til viðbótar við efni fyrir viðskiptasvið. Ný aðföng voru 1006 eintök eða 827 titlar.

Enn er unnið að skráningu rita í Guðmundarsafni en því verki mun ljúka veturinn 2015 – 2016 að öllum líkindum.

Nokkuð af ritum úr hillum safnsins var fært í geymslu til að létta á hilluplássi í ákveðnum efnisflokkum.



Safnið kaupir aðgang að rafrænum gagnasöfnum til viðbótar þeim söfnum sem landsaðgangurinn Hvar?is býður upp á. Nú er keyptur aðgangur að: Jstor collection – Business og Art & Sciences, Karnov og Ugeskrift for Retsvæsen, Morgunblaðinu, OECD-gagnasöfnunum og LovData.

Unnið var að því að auðvelda aðgengi að séráskriftunum á leitir.is og farið yfir úrtak titla og birting þeirra lagfærð.

Í lok desember 2014 var búið að skrá 19.488 eintök í Gegni og heildarfjöldi titla var 12.700.

Heildarútlán voru 2.949. Í millisafnalánum voru fengin 48 rit að láni og útvegaðar 32 greinar/bókakaflar, alls 80 gögn. Til annarra safna voru lánuð 103 rit og 1 greinar/bókakaflar eða 104 alls.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Ný heimasíða skólans var opnuð á árinu og sá hluti síðunnar sem snýr að bókasafninu er nú á ábyrgð háskólabókavörðar að uppfæra. Á heimasíðu bókasafnsins er reynt að miðla upplýsingum um þjónustu við nema og aðra rannsakendur. Upplýsingar um aðgengi að séráskriftum, mikilvægi VPN tengingar fyrir þá sem ekki eru á staðnum, leiðbeiningar um leit í gagnasöfnum, heimildaöflun og frágang heimilda.

Bókasafnið setti upp fésbókarsíðu á árinu og á nú 230 áhangendur. Reynt er að miðla upplýsingum um þjónustu, opnunartíma og ný rit á síðunni. Slóðin er: www.facebook.com/bokasafnHB

Skjalakerfið One

Háskólabókavörður ber ábyrgð á skjalastjórnun í Háskólanum á Bifröst. Innleiðing skjalavistunarkerfisins One system hófst í árslok 2013 er vel á veg komin og starfsmenn fengu leiðsögn hjá skjalastjóra um notkun þess.

Á árinu voru 257 mál skráð í kerfið, langflest þeirra eru „Almenn mál“ en þar sem þetta er fyrsta árið verður áhugavert að fylgjast með þróun þess og fylgjast með og þjálfa starfsmenn enn betur í skjalavörslu.

Samstarf og nefndarstörf

Starfsmenn safnsins tóku þátt í samstarfi bókasafna á Íslandi og erlendis.

Háskólabókavörður á sæti í verkefnisstjórn Skemmunnar og tekur þátt í samstarfshópi háskólabókavarda og lagabókavarda.

Háskólabókavörður situr auk þess í samstarfshópi háskólabókasafnanna um upplýsingalæsi og er í undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnu um upplýsingalæsi (Creating Knowledge, CKVIII) sem haldin verður í Reykjavík 2.-3. júní 2016.

Auk námskeiða hjá Landskerfi bókasafna vegna tölfræðikeyslna fór háskólabókavörður á námskeið í skjalastjórnun hjá fyrirtækinu Skipulag og skjöl.

Markaðs- og kynningarmál

Markaðs- og kynningarstarf var með nokkuð hefðbundnum hætti árið 2014. Á sviðinu starfa: Brynjar Þór Þorsteinsson markaðsstjóri, Davíð Þorsteinn Olgeirsson vefritstjóri og James Einar Becker margmiðlunarhönnuður sem kom til starfa í ágúst.

Kynningarefni fyrir háskólann var unnið í samstarfi við sviðsstjóra en auglýsingastofan Jónsson & Le'macks sá um hönnun kynningarefnis. Með ráðningu í starf margmiðlunarhönnuðar á markaðssvið er verið að setja framleiðslu kynningarefnis að langmestu leiti í hendur á skólanum sjálfum. Markmiðið er bæði að spara framleiðslukostnað og einnig að stytta boðleiðir í gerð kynningarefnis.

Háskólinn á Bifröst tók þátt í árlegu samstarfi háskólanna sem kallast „Háskóladagurinn“ árið 2014 með sameiginlegri kynningu á skólanum og undirbúningi dagsins. Bifröst var með opið hús í Háskólanum í Reykjavík þann 1. mars og var tekið á móti fjölmörgum gestum. Í kjölfarið tók skólinn þátt í sameiginlegri kynningu háskólanna víðsvegar um landið.

Flestir framhaldsskólar á landinu voru heimsóttir og einnig var farið í heimsókn á nokkra vinnustaði víðsvegar um landið. Fjölmargir framhaldsskólanemar komu auk þess á Bifröst til að kynna sér nám og störf í skólanum. Nemendur skólans voru virkir á þessum kynningum og var samstarf þeirra við markaðsdeild skólans ákaflega gott.

Opinn dagur á Bifröst er árlegur viðburður og var haldinn þann 1. maí á Bifröst í blíðskaparveðri og sótti mikill fjöldi skólann heim. Þótti dagurinn takast mjög vel.

Lögð var áhersla á að styrkja enn frekar þá ímynd og útlit skólans sem byggð hafði verið upp árið á undan með áherslu á gæði námsins og persónulega þjónustu. Sérstök áhersla var lögð á námið sjálft og þá staðreynd að hægt væri að stunda nám við Bifröst hvar sem þú værir staddur í heiminum.



Auglýst var í prentmiðlum, vefmiðlum, útvarpi, skjáauglýsingum og á Facebook. Mest var auglýst á tímabilinu apríl – júní. Birtingarhúsið Ratsjá hélt utan um birtingaráætlun í samstarfi við Háskólann á Bifröst og Jónsson & Le'macks.

Myndbönd voru gerð þar sem viðtöl voru tekin við sviðsstjóra og nemendur skólans úr öllu því námi sem boðið er uppá. Myndböndin fóru í dreifingu á Youtube og Facebook, ásamt því að vera vel sýnileg á heimasíðu undir hverri námslínu.

Samfélagsmiðlar voru vel nýttir og sérstök áhersla var lögð á að fréttir frá skólanum birtust sem flestum á þeim miðlum. Þeir miðlar sem skólinn var virkur á árinu voru Facebook, Twitter, LinkedIn og Youtube.

Til að sinna almannatengslum var fyrirtækið Cohne & Wolf ráðið sem verktaki til þess að sinna ýmsum málum sem tengdust tilteknum viðburðum. Fréttabréf Háskólans á Bifröst kom út sjö sinnum árið 2014 og var sent á alla hollvini skólans, núverandi nemendur auk þingmanna, framhaldsskóla, sveitarfélaga og nærsveitunga.

Ný vefsíða og vefumsjónarkerfi var tekið í notkun í október 2014 og var mikil breyting frá því gamla sem var orðið úrelt og hafði ekki tekið tæknilegum framförum sem krafist er af slíku kerfi. Leitað var tilboða hjá sex fyrirtækjum og var tilboði frá Dacoda á Suðurnesjum tekið en það var lægsta tilboðið sem barst. Markaðsráðgjafafyrirtækið Kapall sá um hönnun og uppbyggingu á heimasíðunni.

Tölvuþjónusta

Í janúar 2014 var lokið við innleiðingu á Office365 hugbúnaðarumhverfi fyrir bæði nemendur og starfsmenn og þar með tókst að sameina nánast allan samskiptahugbúnað innan eins kerfis.

Samið var við Microsoft um fría dreifingu Microsoft Office hugbúnaðar til nemenda. Það gerir nemendum kleift að nálgast Microsoft hugbúnaðinn af notendasíðu sinni í Office365 fyrir bæði tölvur og snjalltæki. Þessi samningur tók gildi um áramótin 2013-2014.

Prentþjónusta

Nýherji þjónustar skólanum með alla prentara fyrir nemendur og starfsfólk (rent-a-prent). Þjónustan felur meðal annars í sér að notendur þurfa að auðkenna sig við prentara til að sækja útprentun. Allir notendur geta auðkennt sig við prentun með rafrænum starfsmanna- og nemendaskírteinum. Með þessu náði skólinn nokkurri hagræðingu, auknu öryggi ásamt skilvirkni við útprentun skjala.

Netumhverfi

Hafist var handa um að skipta út elstu netskiptum fyrir íbúðir nemenda og starfsmanna. en það er nauðsynlegt til þess að hægt sé að setja upp þráðlausra senda á staðnum. Jafnframt þeirri vinnu var byrjað á uppsetningu þráðlausra senda. Stefnt er að þessu verkefni ljúki innan þriggja ára.

Undir lok ársins var eldveggur netkerfisins endurnýjaður og gefur hann mikla möguleika varðandi stjórnun á netumferð ásamt möguleikum á aukningu á flutningsgetu vegna aukinnar netnotkunar við t.d. kennslu til nánustu framtíðar.

Eldveggur var endurnýjaður um áramót, og er fyrirséð að hann muni anna netumferð skólans næstu 5-6 árin.

Stækkun netþjóna (vinnsluminni og hörðum diskum) verður lokið í maí 2015 og í framhaldi af því, verður öll upptökþjónusta og geymsla kennsluefnis færð frá Nepal yfir til Bifrastar.

Að mestu hefur verið lokið við að skipta út switchum/netbeinum í íbúðum nemenda, og er stefnt á að það verk klárast að fullu ekki seinna en á árinu 2016.

Samhliða því, hefur verið skipt út þráðlausum sendum í skólabyggingum og settir nýir og hraðvirkari sendar, sökum aukins álags á þráðlausa netið. Áætlað er að deila þessu verki á tvö ár og að því verði lokið um mitt ár 2016.

Vegna ítrekaðra rafmagnstruflana í vetur, þá hafa orðið erfiðleikar við að halda kerfinu uppi, þrátt fyrir varaafli á rafgeymum og stillingar netþjóna jafnvel farið forgörðum. Því hefur verið ákveðið að kanna hvað það kostar að setja upp litla díesel rafstöð sem myndi anna því að halda netþjónum og einhverjum þráðlausum sendum gangandi og tengdum við umheiminn jafnvel þótt rafmagnslaust yrði.

Kennslukerfi

Háskólinn nýtir hugbúnaðinn Myschool-Námsnet við utanumhald um menntastarfsemi skólans. Kerfið kemur víðtækt að starfsemi skólans, allt frá kennslu til stoðþjónustu. Helstu undirkerfi Myschool-Námsnet eru umsóknarkerfi, nemendabókhald, kennslukerfi, ferilskráarkerfi og endurmenntunarkerfi. Kerfið, sem tekið var í notkun kennsluárið 2011-2012, hefur verið í stöðugri þróun og aðlögun að þörfum skólans. Allar kerfiseiningar eru vistaðar og afritaðar á netþjónum háskólans.

Við miðlun á margmiðlunarkennsluefni notar skólinn eMission hugbúnað frá Nepal hugbúnaði ehf. Hugbúnaðurinn er aðlagður að kennslukerfi og allir notendur saminnskráðir öðrum kerfum (Unified login). Allt efni er vistað og afritað á netþjónum Nepal hugbúnaðar. Aðrar lausnir upptöku í notkun eru Camtasia Studio og hafa prófanir verið gerðar á Camtasia Relay umsýslu og bakendabúnaði fyrir kennsluefni.

Við innleiðingu lotukerfis haustannar voru gerðar þær breytingar að allir kennarar skólans nýta nú upptekna fyrirlestra við kennslu. Hefur það reynst viðamikið en gefandi að innleiða. Fyrir liggur að uppfæra þurfi miðlunarhugbúnaðarkerfi skólans á komandi ári. Vinna við þetta er þegar hafin.

Tölvudeild hefur unnið að því að rækta erlent samstarf. Tekið var á móti tveimur hópum tæknimanna frá Rúmeníu og Spáni. Eins vinnur deildin í EEA styrktu verkefni með Viðskiptaháskóla Bielsko Biala í Pólandi. Í verkefninu miðlar deildin af reynslu sinni við að innleiðingu kennslukerfa og fjarnámi. Skrifuð var þarfagreiningaskýrsla, í samstarfi við rannsóknarsetur skólans, til leiðbeiningar pólska samstarfsskólans. Var í skýrslunni fjallað um upptöku opins kennsluhugbúnaðar og helstu þætti innleiðingar. Að lokum stefnir deildin á að halda kynningu á breytingum er lúta að þörfum fjarkennslu á stærstu tæknisýningu Bretlands Bett 2015.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst

Stjórn nemendafélagsins sem tók til starfa í febrúar 2014 en hana skipuðu:

Formaður: Guðrún Erna Hafsteinsdóttir

Varaformaður: Selma Smáradóttir

Gjaldkeri: Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir

Upplýsinga- og kynningarfulltrúi: Ása María H. Guðmundsdóttir, síðar Sjöfn Hilmarsdóttir

Hagsmunafulltrúi: Jónína Stefánsdóttir, síðar Ívar Örn Þráinsson

Skemmtanafulltrúi: Árdís Rut Einarsdóttir

Fulltrúi nýnema: Arna Marín Sigurlaugsdóttir, síðar Snorri Guðmundsson

Fulltrúi fjarnema: Guðjón Freyr Gunnarsson, síðar Georg Kristinsson

Starfsárið hófst í febrúar eftir eina flottustu árshátíð nemendafélagsins sem haldin var á Kaffi Bifröst. Gettu Bifröst var á sínum stað og fór félagsvísindasvið með sigur af hólmi. Pubquiz, karóíkí, ásamt ýmsum öðrum viðburðum voru á dagskrá þetta árið. Nemendafélagið sá um þá árlegu viðburði sem hefð hefur skapast fyrir að halda s.s. sápubolti, kubbmót, nýnemaball, Biftóberfest, Halloween, skíðaferð á Akureyri í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Bifróvisjón.



Sjentilmannaklúbburinn á Bifröst stóð fyrir Sumarhátíð Bifrastar með stuðningi nemendafélagsins.

Árlegum styrkjum úr félagsmálasjóði var dreift til félaga/klúbba innan skólans. Styrkjunum var bæði dreift á vorönn og haustönn. Virk félög/klúbbar árið 2014 voru Alfa, Sjentilmannaklúbburinn, Konuklúbburinn Andrómedur, Ljósmyndafélagið, Fótboltafélagið, Körfuknattfélagið Bibba Basket, Stjörnuskoðunarfélagið og Femínistafélag Bifrastar. Þá var gerð sú nýbreytni á félagsmálasjóðsúthlutunum á haustönn að félög sviðanna; Nomos, Merkúr og Verus, fá nú styrk frá háskólanum en ekki úr sjóðnum.

Hollvinasamtök Bifrastar

Allir þeir sem hafa útskrifast frá Samvinnuskólanum, Samvinnu-háskólanum, Viðskiptaháskólanum á Bifröst og Háskólanum á Bifröst verða sjálfkrafa meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar nema að viðkomandi óski sérstaklega eftir því að verða það ekki. Aðrir sem geta orðið meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar eru núverandi og fyrrverandi starfsmenn skólans.

Markmið Hollvinasamtaka Bifrastar eru meðal annars að efla og viðhalda tengslum milli yngri og eldri nemenda skólans og annarra sem bera hag skólans fyrir brjósti, að styðja við uppbyggingu og að efla skólastarfið á Bifröst. Til að ná fram markmiðum sínum tilnefna samtökin fulltrúa í stjórn skólans og fulltrúaráð.

Hollvinasamtökin hafa yfir að ráða heimasíðu auk þess sem á facebook má finna virka síðu Hollvinasamtaka Bifrastar. Á facebook-síðunni má sjá fréttir frá Bifröst, fréttir af Bifrestingum og svo getur fólk sent inn fyrirspurnir og gefið ráð. Samvinnan er með öðrum orðum allsráðandi á milli Bifrestinga inn á þessari síðu.



Á aðalfundi Hollvinasamtaka Bifrastar 2014 var stofnaður Hollvinasjóður Bifrastar. Megintilgangur sjóðsins er samkvæmt skipulagsskrá að efla og auka veg háskólans, m.a. með því að leggja skólanum til fjármagn til skilgreindra ákveðinna verkefna. Skilgreint fyrsta verkefni sjóðsins er viðhald á eldra húsnæði skólans, hátíðarsal og Kringlu, sem skipt verður niður í hæfilega verkþætti sem fjáröflun sjóðsins ræður við hverju sinni, allt í samráði við stjórn skólans og stjórnendur.

Á árinu voru sendar út valgreiðslukröfur að upphæð kr. 2.000 til allra útskrifaðra nemenda skólans eða um 3.000 manns. Um áramót 2014-2015 höfðu liðlega 900 manns greitt þessa kröfu. Þannig var mögulegt að stofna sjóðinn með lágmarksupphæð sem var kr. 1.100.000, sem lögð var inn á bundinn reikning í Arionbanka. Umframfjárhæðin var lögð inn á veltureikning þar sem ný framlög bætast síðan við. Í febrúar og mars á þessu ári hafa verið send bréf til allmargra fyrirtækja þar sem Bifrestingar eru eigendur eða stjórnendur og óskað framlaga frá þeim. Í framhaldi af bréfinu hefur verið haft samband við viðkomandi og yfirleitt fengist jákvæð viðbrögð en ekki komið inn miklir fjármunir ennþá.

Í stjórn Hollvinasjóðs Bifrastar eru:

Aðalmenn:

Óli H. Þórðarson formaður

Þorvaldur T. Jónsson ritari

Viðar Þorsteinsson gjaldkeri

Varamenn:

Hallur Jónasson

Finnbjörn Börkur Ólafsson

Það er trú Hollvinasamtakanna að öflug Hollvinasamtök geti ekki bara orðið skólanum til góðs heldur öllum Bifrestingum, bæði þeim sem nú stunda nám við skólann og þeim sem hafa lokið námi. Samvinna og tengslanet er eitt af því dýrmætasta sem nemendur við skólann taka með sér út í atvinnulífið. Auk þessa þarf að halda tengslanetinu við og er það best gert með samvinnu í anda þess sem kennt hefur verið í skólanum um árabíl.

Í stjórn Hollvinasamtakanna sátu eftirtaldir einstaklingar á árinu 2014:

Aðalmenn:

Leifur Runólfsson, formaður

Hörður Harðarson

Regína Sigurgeirsdóttir

Arnar Snær Pétursson

Sigrún Hermannsdóttir

Guðrún Erna Hafsteinsdóttir, tilnefnd af Nemandafélagi Háskólans á Bifröst

Pórir Páll Guðjónsson, tilnefndur af rektor Háskólans á Bifröst

Varamenn:

Böðvar Sigurbjörnsson

Geirlaug Jóhannsdóttir

Fjármál og rekstur

Tekjur Háskólans á Bifröst á árinu 2014 námu 846,0 milljónum kr. (m.kr.). Samningsgreiðslur frá ríki námu 310,2 m.kr. en aðrar tekjur 535,8 m.kr. Samningsgreiðslur frá ríki eru að langstærstum hluta kennsluframlag byggt á nemendaígildum en einnig er framlag til rannsókna. Framlög frá ríki byggja á samningi milli skólans og ríkisins sem var gerður í upphafi árs 2012. Aðrar tekjur eru að stærstum hluta skólagjöld eða 269 m.kr. Helstu tekjur aðrar eru vegna rannsókna, af námskeiðahaldi, leigutekjur vegna húsnæðis, rekstur kaffihúss og þjónustu við nemendagarða. Rekstrargjöld skólans á árinu 2014 námu 928,7, m.kr. að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum. Laun og launatengdur kostnaður nam 595,4 m.kr. eða um 70% af rekstrargjöldum. Meðalfjöldi starfsmanna var 72 í 55 stöðugildum en auk þess kom fjöldi stundakennara að kennslu líkt og áður. Húsnæðiskostnaður nam 51,9 m.kr., rekstur tölvukerfa 27 m.kr., skrifstofu og kennslukostnaður 28 m.kr., kynningarmál 42,7 m.kr., vörukaup til Hótel Bifrastar 38,8 mkr. og niðurfærsla viðskiptakrafna 48,4 mkr. Annar kostnaður er 96,7 mkr. en þar af er aðkeypt þjónusta vegna tilraunaverkefnis um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi 70 m.kr. Afskriftir voru 20,7 m.kr. og fjármagnsgjöld 32,1 m.kr. Tap ársins var því 135,5 m.kr. en árið 2013 var hagnaður 0,5 m.kr. Langtímaskuldir Háskólans á Bifröst voru 288,2 m.kr. í lok árs 2013 og skammtímaskuldir 239,1 m.kr. Eigið fé Háskólans á Bifröst var neikvætt um 56,4 m.kr. í lok ársins 2014.

Starfsfólk

Starfsmenn á háskólaskrifstofu í árslok 2014 voru 21, 9 karlar og 12 konur.

Í viðhaldi, ræstingu og öryggisvörslu störfuðu 7 karlar í lok ársins 2014.

Fastráðnir akademískir starfsmenn voru í árslok 2014 23 talsins, 15 karlar og 8 konur. Stundakennarar voru 46 talsins.

Ársreikningur 2014

Ársreikningur 2014				
<i>Allar tölur í milljónum króna</i>				
Rekstrarreikningur	2014	2013	2012	2011
Rekstrartekjur	846,0	788,1	713,0	737,0
Rekstrargjöld	928,7	738,0	678,0	690,0
Rekstrarafgangur (-Tap)	-82,7	50,1	46,8	35,0
Afskriftir	20,7	19,7	20,0	20,5
Fjármagnsliðir	32,1	29,9	37,9	43,5
Hagnaður fyrir óreglulega liði	-135,6	0,5	-22,9	-17,1
Óreglulegar tekjur				
Rekstrarniðurstaða	-135,6	0,5	-22,9	-17,1
Efnahagsreikningur	2013	2013	2012	2011
Fastafjármunir	385,0	392,4	402,0	416,0
Veltufjármunir	86,0	136,0	101,0	100,0
Eignir samtals	471,0	528,3	503,0	516,0
Eigið fé	-56,4	82,4	72,0	84,0
Langtímaskuldir	288,2	311,4	313,0	330,0
Skammtímaskuldir	239,1	134,6	118,0	102,0
Skuldir og eigið fé samtals	471,0	528,3	503,0	516,0



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY